

TTAR-

4. árg. 1. tbl.
MAY 1988

PÓSTURINN

Ritstjórnargrein

Það er víst orðið um það bil ár síðan Pósturinn var á ferðinni og síðan hefur alveg gríðarlega mikið vatn runnið framhjá Hestatanga, bæði úr Rángá og Fljóti. Það er trúlegt að þetta vatn hafi runnið til sjávar. - Ja, það er aldeilis gagn að leingi tekur sjórinn við. Annars vitum við ekki hvurninn færi. Verður ekki meira um þetta talað hjer enda í verkahring Orkustofnunar að annast mælingar á vatnsrenslí.

En semsje, kæra skógargerðisætt, hjer kemur glænýtt eintak af því góða blaði Ættarpósti. Býst ritstjórnin við því að þjer komi það þægilega á óvart eftir alt þetta vatnsrenslí að tjeð rit skuli ekki með öllu hafa útaf lognast.

Ritstórn hyggur ekki á umtalsverðar breytingar á útgáfu ritsins enda hafa lesendur ekki komið fram með neinar hugmyndir þar að lútandi. Er og vafasamt að hlaupið yrði eftir tillögum manna þó fram kæmu. Föstum dálki verður þó bætt við efni og nefnist hann **rödd ættarinnar**. Bindum við vonir við þessa nybreytni og munum birta undir þessari fyrirsögn hvaðeina sem þessari ætt dettur í hug að setja á blað - að því tilskildu að hún verði mjög stutturð.

Flettið blaðinu og lesið nýustu tíðindi af húsagerð, skógrækt og stafsetningu. Fylgist með! Lesið ÆP!

Gamla góða húsið

I sumar á að vinna áfram að endurgerð gamla Skógargerðis-hússins. Reiknað er með því að sem flestir afkomendur Dagnýar og Gísla láti sig þetta mál varða og **leggi fram vinnu** eftir því sem þeir fá við komið. Þetta verk má greina niður í þætti sem hér segir:

1. Frárennsli og rotþró

Verkið getur hafist í júní. Umsjónarmaður: **Víkingur Gíslason**, Hamrafelli 3 í Fellabæ (701 Egilsstaðir) Sími **97-11937**. Þörf er á pípulagningasjerfræðingum og mönnum sem kunna að grafa skurði.

2. Niðurrif og hreinsun

Nokkuð þarf að hreinsa innanúr neðri hæð hússins og því verki þarf að ljúka fyrir 25. júlí. Umsjónarmaður: **Víkingur Gíslason**. Þörf er á sterkum mönnum

3. Neðri hæð standsett

Þetta er mesta verkið. Ætlunin er að koma neðri hæðinni í við-unandi horf í sumar. Þetta verk hefst í byrjun ágústmánaðar og lýkur sem fyrst. Umsjónarmaður: **Stefán Hermannsson**, Nesbala 92a, Seltjarnarnesi. Sími **91-626434**. Smiðir og (lagtækir) handlángarar óskast.

Tekið skal fram að húsið verður íbúðarhæft í sumar þrátt fyrir framkvæmdir (Að vísu einginn lúxús). Náttúrufegurð er rómuð við ósa Rángár. Silúngsveiði er góð. Þarna mun því vera kjörinn staður fyrir sumarleyfi fjölskyldunnar allrar. Þeim sem ekki geta lagt vinnu af höndum skal bent á kassann hér fyrir neðan.

Útibú Búnaðarbanka Íslands á Egilsstöðum. **Byggingar-sjóður** c/o Víkingur Gíslason, Hamrafelli 3 701 Egilsstaðir. Reikningsnúmerið er **241207** (gullbók).

skógrækt - skógrækt - skógrækt

Þegar þetta er skrifað er snjóa sem óðast að leysa á Hjerði og kemur jörð græn undan sköflum. Við slík tímindi hvarflar hugur gamalla sveitamanna austur á bóginn og þá náttúrlega að skógræktarmálum. Því var haft samband við skógræktarstjóra ættarinnar Helga Ómar Bragason. Mikill hugur var í honum og hjer koma frjettir.

Sl. sumar var plantað röklegga 4000 plöntum, aðallega lerkí. Þær plöntur virtust þrífast vel og höfðu yfirleitt komist nokkuð á legg fyrir haustið. Nú er að sjá hvurnig þær koma undan vetri. Hreindýr voru inni girðingunni í vetur en skógræktarstjóri telur þau ekki hafa valdið neinu teljandi tjóni. Plöntur sem settar voru niður í hitteðfyrri og árið þar áður (ættarmóts- árið) hafa plumað sig sæmilega. - Skemtilegast er að sjá að birki og viðir koma upp í þessu landi af sjálfu sjer um leið og það er friðað.

Við höldum óhikað áfram í skógrækt, einkum vegna þeirra góðu undirtekta sem við feingum í fyrri. Skulu hjer þakkir færðar öllum þeim sem ljetu fje af hendi rakna til strafsins. Í þessu blaði er því miður ekki hægt að birta nákvæmt reikningsyfirlit yfir stöðu skógræktarsjóðs. Óhætt er þó að segja að hún er ekki mjög góð. Plönturnar eru seldar dýru verði og því verður að taka. Einnig er dýrt að koma plöntum ofaní jörð ef vinnu þarf að kaupa. Sjálfboðaliðar undir forustu skógræktarstjóra stöðu sig vel í fyrri. Er þess vænst að einhverjir verði til þess að leggja hönd á plóginn í vor og ættu þeir þá að hafa sem fyrst samband við Helga Ómar (sími 97-11979). Hinum bendum við á kassann hjer fyrir neðan.

Útibú búnaðarbanka Íslands á Egilsstöðum. **Skógræktar-sjóður** c/o Helgi Ómar Bragason, Smárahvammi 10 Fellabæ. Reikningur nr. 2 4 1 1 2 7 (gullbók).

Rödd ættarinnar

Rödd ættarinnar kallar mig og þig. Starfið er margt og ætt annálúð fyrir dagnað. Er því tilvalið fyrir unga sem aldna að leggja hönd á plögin. En hér kemur tækifærið sem allir hafa beðið eftir; tækifæri til að hafa áhrif og koma fram með ferskar hugmyndir - og gagnrýni: **RÖDD ÆTTARINNAR**. Þættinum hefur borist bréf.

Um daginn var ég að glugga í þennan pistil þinn sem þú hefur nefnt Ættarpósturinn. Hann vakti með mér hugleiðingar hvað stafsetninguna varðar. Af hverju þú skrifar þetta svona þegar við krakkarnir meigum ekki skrifa þetta svona í skólanum. En ég var einmitt að að ljúka 9. bekk í Alþýðuskólanum á Eiðum rétt í þessu.

Svo hefst bréf frá Þóreyju Sigurðardóttur yngismær á Aðalbóli (dags. 7. maí sl) sem stilað er til ritstjóra (og ábyrgðarmanns). Bréfið er lengra og fylgir því eintak af Ættarpóstinum sem Þórey hefur leiðrétt "*eftir reglum þeim sem ríkjandi eru í minum skóla, og reyndar öllum öðrum.*" einsog hún tekur réttilega fram.

Umsjónarmanni þessa dálks (undirrituðum) þykir bréf þetta mjög gott, enda má segja að það sé kveikjan að RÖDD ÆTTARINNAR. Ritstjóri telur hinsvegar fráleitt að breyta stafsetningu sinni en ég vil benda á að í þessum dálki er frjals stafsetning. Sjálfur kys ég þá hefðbundnu, verandi á þeirri skoðun að ekki megi brjóta reglur fyrr en maður kann þær.

Ljóst má vera að stórmál verða aldrei brotin til mergjar í dálki sem þessum. Rausn ritstjóra skammtar ekki mikið pláss. Það er á hinn bóginn von mín - og vissa að undirtektir verði góðar. Sérstaklega finnst mér kominn tími til að yngri kynslóðirnar láti gammin geysa; ferskar hugmyndir, gagnrýni, auglýsingar og allt sem fólki dettur í hug í bundnu eða óbundnu máli. Ósi

Skrifið umsjónarmanni - Verið gagnorð.

Ættarpósturinn. Ritstjórn: Indriði Gíslason, Barmahlíð 32, 105 Reykjavík (ábm). Fulltrúi: Helgi Ómar Bragason, Smára-hvammí 1c, Fellabæ, 701 Egilsstaðir. Umsjónarmaður dálks: Ólafur Skúli Indriðason, Barmahlíð 32, 105 Reykjavík.